

Úrval búnaðarbankastjóra eins og þeir koma nokkrum íslenskum listamönnum fyrir sjónir. DV-mynd GVA

# Bankamyndasýning

Um daginn (9. apríl) fjallaði undirritaður um listaverkaeign ríkisbanka og opinberra sjóða en upplýsingar um þá eign komu nýverið fram á Alþingi í framhaldi af fyrirspurn Finns Ingólfssonar alþingismanns til forsætisráðherra.

Fyrir einskæra og heppilega tilviljun hefur nú verið efnt til sérstakrar sýningar á úrvali hins mikla listaverkasafns Búnaðarbanka Íslands að Kjarvalsstöðum og er tilefnið 60 ára afmæli bankans. Gefst nú almenningi kostur á að leggja dóm á listasmekk hæstráðenda í Búnaðarbankanum frá upphafi.

### Á áberandi stöðum

Að vísu hefur stór hluti þeirra verka, sem þarna eru til sýnis, hingað til verið uppihangandi á áberandi stöðum bæði í aðalbanka og útibúum, enda slíkt í samræmi við stefnu stofnunarinnar, en önnur hafa hangið þar sem almenningur á ekki greiðan aðgang að. Allt um það, öllum, listaverkum sem áhorfendum, er greiði gerður með því að sýna þessi verk nú við bestu skilyrði og í nýju ljósi. Löng hefð er fyrir því að íslenskir bankar kaupi listaverk eða láti gera þau fyrir sig og hafa þannig orðið til nokkur lykilverk í íslenskri listasögu; ég nefni aðeins veggmyndir þeirra Kjarvals og Jóns Stefánssonar í Landsbankanum. Stór málverk þeirra Jóns Engilberts og Svavars Guðnasonar í Búnaðarbankanum (og á sýningunni) eru einnig þýðingarmikil verk á ferli beggja listamannanna.

### Aðeins það besta

Efast ég um að nokkur fetti lengur fingur út í þessi kaup, eins og fyrir kom hér á árum áður. Bankarnir eru meðal örfárra aðila í okkar litla landi sem hafa bolmagn til þess að kaupa stærstu og metnaðarmestu verk íslenskra myndlistarmanna. Sú stefna þeirra að hafa sem flest þessara verka til sýnis hlýtur einnig að hafa jákvæð áhrif á myndlistarþroska landsmanna því fáar stofnanir hafa meira aðdráttarafl en einmitt bankarnir.

Um leið hlýtur almenningur, myndlistarmenn sem aðrir, að geta gert til bankanna ákveðnar kröfur. Viðskiptamenn þeirra verða að geta treyst þeim til þess að festa aðeins kaup á bestu verkum viðurkenndra listamanna, verkum sem halda listgildi sínu og verðgildi. Skýrslan um listaverkaeign bankanna leiddi einmitt í ljós að sumir þeirra eiga allt of mikið af verkum eftir undirmálsmenn, jafnvel hreina fúskara.

### Gott úrval fyrsta flokks mynda

Myndlistarmenn verða síðan að geta treysta bönkunum til að fara vel með þau verk sem þeir kaupa, hengja ekki vatnslitamyndir upp þar sem sól fellur á, gera við þær myndir sem verða fyrir hnjaski og svo framvegis.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Í hvorutveggja tilliti hefur Búnaðarbankinn staðið sig býsna vel. Þar hafa menn komist yfir gott úrval fyrsta flokks mynda eftir Kjarval, Jón Stefánsson, Þorvald Skúlason, Snorra Arinbjarnar og Svavar Guðnason og stakar myndir eftir aðra listamenn sem eru með því besta sem eftir þá liggur, ég nefni aðeins mynd eftir Jón Þorleifsson.

Umsjón með myndum og viðhaldi hefur ekki heldur verið ábótavant ef marka má myndverkin á sýningunni að Kjarvalsstöðum.

### Tilviljunarkennd upphenging

Annars er fremur erfitt að skrifa um þessa sýningu í heild sinni því tilviljun virðist ráða því hvar verkin hanga. Hér hefði farið betur á að hafa upphengingu annað tveggja sögulega eða þematíska svo fengist hefði yfirlit yfir listaverkaeign bankans og íslenska listasögu. Einnig hefði bankinn átt að láta verða af því að gefa út veglega sýningarskrá með tæmandi upplýsingum um öll listaverk í sinni eigu og góðu úrvali litljósmynda. Slík skrá hefur bæði heimilda- og upplýsingagildi, hefur einnig jákvæð áhrif á ímynd bankans út á við.

Þrátt fyrir þessa annmarka er sýningin allrar athygli verð en henni lýkur næstkomandi sunnudagskvöld.

SMÁAUGLÝSINGAR
OPIÐ!
Mánudaga - föstudaga. 9.00 - 22.00
Laugardaga. 9.00 - 14.00
Sunnudaga. 18.00 - 22.00
DV
Þverholti 11
s: 27022
ATH! Auglýsing í helgarblað þarf að berast fyrir kl. 17.00 á föstudag.

## Leikhús



Leikfélag Akureyrar

Miðasölusimi 96-24073



FÁTÆKT FÓLK

Leikgerð Böðvars Guðmundssonar af endurminningabókum Tryggva Emilssonar, Fátæku fólki og Baráttunni um brauðið.
Leikstjórn: Þráinn Karlsson.
Leikmynd og búningar: Sigurjón Jóhannsson.

Frumsýning
8. sýn. laugard. 28. apríl kl. 20.30.
9. sýn. sunnud. 29. apríl kl. 17.00.
Uppselt.
10. sýn. þri. 1. maí kl. 20.30.
11. sýn. mið. 2. maí kl. 20.30. Uppselt.
12. sýn. fös. 4. maí kl. 20.30.
13. sýn. lau. 5. maí. kl. 20.30.
14. sýn. sun. 6. maí kl. 20.30.
15. sýn. fös. 11. maí kl. 20.30.
16. sýn. lau. 12. maí kl. 20.30.
17. sýn. sun. 13. maí kl. 17.00.

Munið pakkaferðir Flugleiða.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stefnumót

Höfundar:
Peter Barnes, Michel de Ghelderode, Eugene Ionesco, David Mamet.

Í Iðnó kl. 20.30.
Fö. 4. maí, síðasta sýning.

Endurbygging

eftir
Václav Havel
í Háskólabíói, sal 2

Su. 6. maí, síðasta sýning.

Miðasalan í Þjóðleikhúsinu er opin alla daga nema mánudaga kl. 13 til kl. 18 og sýningardaga í Iðnó og Háskólabíói frá kl. 19. Sími í Þjóðleikhúsinu: 11200. Sími í Háskólabíói: 22140. Sími í Iðnó: 13191. Greiðslukort.

Leikhúskjallarinn er nú opinn á föstudags- og laugardagskvöldum.

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

Sýningar í Borgarleikhúsi

SIGRÚN ÁSTRÓS

eftir Willy Russel
Þýðandi: Þrándur Thoroddsen, leikstjóri: Hanna María Karlsdóttir, leikari: Margrét Helga Jóhannsdóttir.

Föstud. 4. maí kl. 20.00, uppselt.
Laugard. 5. maí kl. 20.00, fáein sæti laus.
Sunnud. 6. maí kl. 20.00.
Fimmtud. 10. maí kl. 20.00.
Föstud. 11. maí kl. 20.00.
Laugard. 12. maí kl. 20.00.

HÓTEL ÞINGVELLIR

5. maí.
Söngfélag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni syngur í forsal fyrir sýningu.
Laugard. 5. maí kl. 20.00.
Laugard. 12. maí kl. 20.00.
Allra síðustu sýningar.

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14.00–20.00.
Auk þess er tekið við miðapöntunum í síma alla virka daga kl. 10.00–12.00.
Miðasölusími 680-680.
Greiðslukortaþjónusta.

## Kvikmyndahús

### Bíóborgin

KYNLÍF, LYGI OG MYNDBÖND
Myndin, sem beðið hefur verið eftir, er komin. Hún hefur fengið hreint frábærar viðtökur og aðsókn erlendis.
Aðalhlutv.: James Spader, Andie Macdowell, Peter Gallhager og Laura San Giacomo.
Leikstj: Steven Soderbergh.
Í BLÍÐU OG STRÍÐU
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.05.
Bönnuð börnum innan 12 ára.
ÞEGAR HARRY HITTI SALLY
Sýnd kl. 5, 7 og 11.15.
BEKKJARFÉLAGIÐ
Sýnd kl. 9.

### Bíóhöllin

frumsýnir ævintýragrínmyndina
VÍKINGURINN ERIK
Þeir Monty Python-félagar eru hér komnir með ævintýragrínmyndina Erik the Viking. Allir muna eftir myndum þeirra Holy Grail, Life of Brian og Meaning of Life sem voru stórkostlegar.
Aðalhlutv.: Tim Robbins, John Cleese, Terry Jones, Mickey Rooney.
Framleiðandi: John Goldstone.
Leikstj.: Terry Jones.
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
Bönnuð börnum innan 14 ára.
STÓRMYNDIN
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
Á BLÁÞRÆÐI
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
Bönnuð börnum innan 16 ára.
TANGO OG CASH
Bönnuð börnum innan 16 ára.
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
SAKLAUSI MAÐURINN
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
Bönnuð innan 14 ára.

### Háskólabíó

SHIRLEY VALENTINE
Frábær gamanmynd með Pauline Collins í aðalhlutverki en hún var einmitt tilnefnd til óskarsverðlauna fyrir leik sinn í þessari mynd.
Leikstj.: Lewis Gilbert
Aðalhlutv.: Pauline Collins, Tom Conti.
Sýnd kl. 5, 7.05, 9.10 og 11.15.
BAKER-BRÆÐURNIR
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.05.
PARADÍSARBÍÓIÐ
Sýnd kl. 9 og 11.10.
VINSTRI FÓTURINN
Sýnd kl. 5, 7 og 11.
TARZAN MAMA MIA
Sýnd kl. 5 OG 7

### Laugarásbíó

A-salur
FJÓRÐA STRÍÐIÐ
Hörkuspennandi mynd um tvo mikla stríðsmenn, annan bandarískan, hinn rússneskan. Það er erfitt fyrir slíka menn að sinna landamæravörslu. Til að koma lífi í tuskurnar hefja þeir sitt eigið stríð.
Aðalhl. Roy Scheider og Jürgen Prochow.
Leikstj.: John Frankenheimer.
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
Bönnuð innan 12 ára.
B-salur
BREYTTU RÉTT
Sýnd kl. 4.50, 6.55, 9 og 11.10.
Bönnuð innan 12 ára.
C-salur
FÆDDUR 4. JÚLÍ
Sýnd kl. 9.
Bönnuð innan 16 ára.
EKIÐ MEÐ DAISY
Sýnd kl. 5 og 7.

### Regnboginn

HELGARFRÍ MEÐ BERNIE
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
SKÍÐAVAKTIN
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
LAUS Í RÁSINNI
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
INNILOKAÐUR
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
Bönnuð innan 16 ára.
BJÖRNINN
Sýnd kl. 5.
OG SVO KOM REGNIÐ
Sýnd kl. 7, 9 og 11.

### Stjörnubíó

BLIND REIÐI
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
POTTORMUR Í PABBALEIT
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.05.

FACO FACO
FACO FACO
FACO FACO
LISTINN Á HVERJUM MÁNUDEGI

Úrval - verðið hefur lækkað
Tímarit fyrir alla
Úrval

## Veður

Vestan- og suðvestangola eða kaldi um mestallt land, smásúld eða skúrir víða við ströndina suðvestan- og vestanlands en sums staðar nánast léttskýjað í öðrum landshlutum. Hiti 0–6 stig.

| | | |
|---|---|---|
| *Akureyri* | léttskýjað | 3 |
| *Egilsstaðir* | heiðskírt | 3 |
| *Hjarðarnes* | skýjað | 5 |
| *Galtarviti* | alskýjað | 5 |
| *Keflavíkurflugvöllur* | rigning | 3 |
| *Kirkjubæjarklaustur* | lágþokubl. | 1 |
| *Raufarhöfn* | heiðskírt | 0 |
| *Reykjavík* | rigning | 3 |
| *Vestmannaeyjar* | súld | 4 |

**Útlönd kl. 6 í morgun:**

| | | |
|---|---|---|
| *Bergen* | léttskýjað | 10 |
| *Helsinki* | léttskýjað | 11 |
| *Kaupmannahöfn* | léttskýjað | 16 |
| *Osló* | léttskýjað | 14 |
| *Stokkhólmur* | léttskýjað | 14 |
| *Þórshöfn* | þokumóða | 8 |
| *Algarve* | heiðskírt | 13 |
| *Amsterdam* | heiðskírt | 15 |
| *Barcelona* | mistur | 11 |
| *Berlín* | léttskýjað | 14 |
| *Frankfurt* | léttskýjað | 13 |
| *Glasgow* | lágþokubl. | 8 |
| *Hamborg* | heiðskírt | 13 |
| *London* | léttskýjað | 12 |
| *Los Angeles* | alskýjað | 16 |
| *Lúxemborg* | léttskýjað | 13 |

## Gengið

Gengisskráning nr. 83. – 4.. maí 1990 kl. 9.15

| Eining kl. 12.00 | Kaup | Sala | Tollgengi |
|---|---|---|---|
| Dollar | 60,600 | 60,760 | 60,950 |
| Pund | 99,696 | 99,959 | 99,409 |
| Kan. dollar | 52,019 | 52,157 | 52,356 |
| Dönsk kr. | 9,5119 | 9,5370 | 9,5272 |
| Norsk kr. | 9,3095 | 9,3341 | 9,3267 |
| Sænsk kr. | 9,9491 | 9,9754 | 9,9853 |
| Fi. mark | 15,2837 | 15,3241 | 15,3275 |
| Fra. franki | 10,7595 | 10,7879 | 10,7991 |
| Belg. franki | 1,7499 | 1,7545 | 1,7552 |
| Sviss. franki | 41,6052 | 41,7150 | 41,7666 |
| Holl. gyllini | 32,1111 | 32,1958 | 32,2265 |
| Vþ. mark | 36,1090 | 36,2044 | 36,2474 |
| Ít. líra | 0,04928 | 0,04941 | 0,04946 |
| Aust. sch. | 5,1319 | 5,1454 | 5,1506 |
| Port. escudo | 0,4085 | 0,4096 | 0,4093 |
| Spá. peseti | 0,5766 | 0,5781 | 0,5737 |
| Jap. yen | 0,38134 | 0,38234 | 0,38285 |
| Írskt pund | 96,939 | 97,195 | 97,163 |
| SDR | 79,0351 | 79,2438 | 79,3313 |
| ECU | 73,9623 | 74,1576 | 74,1243 |

Símsvari vegna gengisskráningar 623270.

## Fiskmarkaðirnir

### Faxamarkaður

3. maí seldust alls 143,912 tonn.

| | Magn í tonnum | Verð í krónum Meðal | Lægsta | Hæsta |
|---|---|---|---|---|
| Blandað | 0,078 | 53,15 | 40,00 | 94,00 |
| Grálúða | 16,279 | 76,07 | 59,00 | 80,00 |
| Háfur | 0,086 | 43,00 | 43,00 | 43,00 |
| Hrogn | 0,246 | 115,00 | 115,00 | 115,00 |
| Karfi | 3,223 | 30,00 | 30,00 | 30,00 |
| Keila | 0,054 | 14,00 | 14,00 | 14,00 |
| Langa | 3,823 | 43,09 | 42,00 | 49,00 |
| Lúða | 2,037 | 231,68 | 180,00 | 350,00 |
| Rauðmagi | 0,121 | 35,64 | 28,00 | 105,00 |
| Skata | 0,068 | 88,50 | 63,00 | 165,00 |
| Skarkoli | 0,586 | 38,41 | 35,00 | 44,00 |
| Steinbítur | 4,708 | 39,47 | 37,00 | 44,00 |
| Þorskur, sl. | 22,517 | 59,25 | 50,00 | 75,00 |
| Þorskur, ósl. | 8,698 | 64,37 | 52,00 | 69,00 |
| Ufsi | 60,386 | 38,48 | 27,00 | 39,00 |
| Undirmál | 0,339 | 50,00 | 50,00 | 50,00 |
| Ýsa, sl. | 5,539 | 86,61 | 80,00 | 98,00 |
| Ýsa, ósl. | 15,122 | 78,75 | 69,00 | 92,00 |

### Fiskmarkaður Hafnarfjarðar

3. maí seldust alls 106,911 tonn.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 10,001 | 69,49 | 60,00 | 71,00 |
| Þorskur, ósl. | 25,541 | 61,45 | 47,00 | 85,00 |
| Þorskur, stór | 1,426 | 68,00 | 68,00 | 68,00 |
| Smáþorskur | 0,487 | 30,00 | 30,00 | 30,00 |
| Smáþ., ósl. | 0,311 | 31,59 | 30,00 | 43,00 |
| Ýsa | 14,357 | 78,39 | 60,00 | 85,00 |
| Ýsa, ósl. | 0,076 | 69,00 | 69,00 | 69,00 |
| Karfi | 35,533 | 25,98 | 20,00 | 27,00 |
| Ufsi | 1,076 | 31,00 | 31,00 | 31,00 |
| Ufsi, smár | 0,174 | 15,00 | 15,00 | 15,00 |
| Steinbítur | 0,503 | 40,00 | 40,00 | 40,00 |
| Steinbítur, ósl. | 1,367 | 22,88 | 20,00 | 57,00 |
| Hlýri | 0,124 | 39,00 | 39,00 | 39,00 |
| Blálanga | 0,325 | 32,00 | 32,00 | 32,00 |
| Lúða | 0,014 | 425,00 | 425,00 | 425,00 |
| Grálúða | 14,628 | 57,26 | 50,00 | 58,00 |
| Koli | 0,574 | 33,07 | 30,00 | 93,00 |
| Skata | 0,110 | 74,00 | 74,00 | 74,00 |
| Rauðmagi | 0,015 | 5,00 | 5,00 | 5,00 |
| Hrogn | 0,270 | 90,00 | 90,00 | 90,00 |

### Fiskmarkaður Suðurnesja

3. maí seldust alls 231,077 tonn.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 151,093 | 59,42 | 35,00 | 88,00 |
| Ýsa | 63,235 | 72,26 | 40,00 | 93,00 |
| Karfi | 5,055 | 28,09 | 17,00 | 30,00 |
| Ufsi | 2,535 | 20,81 | 8,00 | 25,00 |
| Steinbítur | 3,113 | 29,32 | 26,00 | 37,00 |
| Langa | 0,505 | 39,70 | 36,00 | 41,00 |
| Lúða | 1,491 | 177,17 | 90,00 | 230,00 |
| Skarkoli | 2,466 | 29,85 | 15,00 | 46,50 |
| Keila | 0,429 | 14,20 | 10,00 | 16,00 |
| Skata | 0,202 | 69,00 | 69,00 | 69,00 |
| Undirmál | 0,617 | 20,00 | 20,00 | 20,00 |
| Blandað | 0,235 | 12,00 | 12,00 | 12,00 |